

Sp.

49. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis.

Skal hliðsjón höfð af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum. Frumvarp þessa efnis skal lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Þáttill. þessi var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrædd. M. a. var eftirfarandi getið í greinargerð þá:

„Á liðnum árum hefur þeirri skoðun margoft verið hreyft, að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um sérstakan umboðsmann Alþingis. Tilgangurinn með slíkri embættisskipan á að vera skilyrðislaus möguleiki þegnanna til þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi jafnt yfir alla einstaklinga þess. Verður í því efni ekki gerður mismunur á þeim hlunnindum, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, né þeim skyldum, sem á þá eru lagðar, sem og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Þessu máli hefur margoft verið hreyft hér á landi. Má t. d. nefna af því, sem flm. þessarar þáttill. hefur kynnt sér, fróðlega tímaritsgrein í Stefni, málgagní Sambands ungra sjálfstæðismanna, veturinn 1964—65, eftir Hörð Einarsson hdl., og erindi, sem próffessor Ólafur Jóhannesson flutti á fundi Orators, félags lögfræðinema, þann 25. apríl 1966. Enn fremur greinargerð Kristjáns Thorlacius, formanns B. S. R. B., þáverandi varaþingmanns Framsóknarflokksins, er hann flutti ásamt fleiri þingmönnum till. til þál. um þetta mál. Fjallaði tillaga hans um nefndarskipan til athugunar á málinu og var fyrst flutt á þinginu 1964—65 og endurflutt 1966 og 1967, þegar hann átti sæti um stuttan tíma, hverju sinni, á Alþingi.“

Þessi þáttill. er nú flutt m. a. af eftirfarandi ástæðum:

1. Löggjöf grannþjóða okkar um umboðsmann þjóðþinganna hefur verið í gildi um langt árabí. Á þessu tímabili hafa auk dýrmætrar og jákvæðrar reynslu ýmsir vankantar komið í ljós, er leit hafa til þýðingarmikilla breytinga nú á allra síðustu árum (Noregi 1. jan. 1969).
2. Ýmsir þeir atburðir hafa gerzt fyrr og síðar, sérstaklega í samskiptum einstaklinga við embættismenn og starfsmenn bæjar- og ríkisstofnana, sem kalla á slíka löggjöf.
3. Þeir alþingismenn, er fyrstir hreyfðu máli þessu á Alþingi í tillöguformi, eiga annaðhvort ekki setu á þingi nú eða sýna málinu ekki þann áhuga að taka það upp að nýju.
4. Flm. þessarar till. telur, að tímabært sé að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um embætti þetta og treysta með því frekari rétt einstaklingsins í þjóðfélagi okkar.